

Uppruni orða

Orðaforði íslenskunnar skiptist í nokkra flokka eftir uppruna orðanna. Í þessu verkefni æfir þú að þekkja þessa flokka.

Tengdu hugtökin við skýringarnar:

Erfðaorð

Orð sem koma beint úr öðru tungumáli en eru orðin föst í íslenska málinu og beygjast eins og önnur íslensk orð.

Nýyrði

Erfðaorð sem hafa fengið nýja merkingu með tilkomu nýrrar tækni.

Nýmerking

Útlensk orð sem eru ekki orðin viðurkennd í íslenska tungumálinu og beygjast yfirleitt ekki eins og íslensk orð.

Tökuorð

Orð sem hafa verið í tungumálinu frá upphafi og eru sameiginleg í öðrum skyldum tungumálum.

Slettur

Orðfæri sem er notað í sérstökum hópum eða við ákveðnar aðstæður, t.d. meðal unglinga eða ákveðinna fagstétta.

Slangur

Ný orð sem hafa bæst við orðaforða tungumálsins. Oftast búin til úr erfðaorðum og innlendum rótum.

Raðaðu þessum orðum í rétta flokka:

maður	tölva	nörd	bögg
gúgla	skip	fíkniefni	ókei
pósta	hippi	engill	hús
mjólk	hlaupa	unglingur	sími
sjónvarp	skjár	ske	klósett

Erfðaorð	Nýyrði	Nýmerking	Slettur og slangur	Tökuorð

Hæfni sem þú þjálfar í þessu verkefni:

- Að þú getir áttað þig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenskan, séu sífellt að breytast.
- Að þekkja hugtökin erfðaorð, nýyrði, nýmerking, tökuorð, slangur og slettur.

Verkefnið er byggt á öðru námsefni:

- Davíð Hörgdal Stefánsson og Sigrún Valdimarsdóttir. (2019). *Kveikjur – Texta- og verkefnabók*. Kópavogur: Menntamálastofnun.
Líka aðgengileg í rafbók: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/kveikjur_texta_og_verk/
- Jóhannes B. Sigtryggsson og Inga Rósa Þórðardóttir. (2014). *Málvísir*. Kópavogur: Menntamálastofnun.
Líka aðgengileg í rafbók: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/malvisir-handbok_um_malfraedi/